

The International Organisation of Lions Clubs

Lionshreyfingin !

LEGGJUM LIÐ.

Lionshreyfinguna var stofnuð í júní 1917. Melvin Jones var fyrsti ritari Lions og sem slíkur framkvæmdastjóri samtakanna. Melvin Jones var ritari alþjóðahreyfingar Lions til 1957. Hann lést 1961. Stofnfundinn sóttu fulltrúar 27 klúbba þar á meðal indverskur læknir W.P. Wood fyrsti fulltrúi The Royal Order of Lions. Á fyrsta þingi Lionshreyfingarinnar í Dallas í Texas 8. - 10. október 1917 var W.P.Wood kjörinn formaður samtakanna.

Í fyrstu voru eingöngu klúbbar í Ameríku í Lionshreyfinguni. Stofndagur hreyfingarinnar er 7. júní 1917. Melvin Jones starfaði sem tryggingasali í Chicago. Árið 1913 stofnaði hann eigið tryggingaumbod. Á þeim árum störfuðu um Bandaríkin klúbbar með félagi úr viðskiptalífínu. Markmið klúbbanna var fyrst og fremst að félagarnir styrktu tengsl sín innan viðskiptalífsins.

Árið 1913 varð Melvin Jones félagi í einum þessara klúbba Business Circle of Chicago. Árið 1916 voru um 200 félagar í klúbbnum. Það ár varð Melvin Jones ritari klúbbsins. Hann skynjaði að það var soun á verðmætum að þessi dugmikli hópur skyldi ekki hafa göfugra markmið en að hagnast sjálfir á veru sinni í klúbbnum. Ef hægt yrði að fá þessa féлага og féлага úr öðrum klúbbum til þess að vinna að mannúðarstörfum, þá myndi það leysa úr læðingi mikið afl til góðra hluta. Melvin Jones hóf því áróður í klúbbi sínum fyrir því að stofnuð yrðu samtök sem hefðu það að höfuðmarkmiði að líkna öðrum. Árið 1920 var fyrsti klúbburinn í Kanada stofnaður og 1926 í Mexíkó og Kína.

Lionshreyfingin vann frá upphafi að mannúðarmálefnum og var m.a. meðal þeirra frjálsu félagasamtaka sem leitað var til þegar unnið var að mótun starfsreglna fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Þeir sem stóðu fyrir stofnun Lionshreyfingarinnar hafa hugsað skýrt. Fyrstu lögum samtakanna hefur í raun verið lítið breytt. Viðamesta breytingin var gerð á alþjóðþinginu á Taiwan 1987 þar sem fellt var út ákvæði um að félagar yrðu að vera karlmenn.

Árið 1918 var stofnað Lions Club Magazine, sem í dag er gefið út í 31 útgáfu og á 19 tungumálum og þar á meðal á íslensku.

Eftir seinni heimstyrjöldina var lögð áhersla á að breiða út starf Lionshreyfingarinnar til fleiri landa. Í dag eru yfir 1,4 milljónir manna í Lionshreyfingunni í um 200 þjóðlöndum. Fjöldi klúbba er rúmlega 48.000.

Ýmis merk þing hafa verið haldin á vegum Lionshreyfingarinnar. En í sögu hreyfingarinnar verður alþjóðþingið í Ohio árið 1925 alltaf talið með þeim merkustu. Á því þingi ávarpaði Helen Keller, blindur rithöfundur, þingfulltrúa og hvatti Lionsmenn til að verða riddara hinna blindu. Ávarp hennar hafði mikil áhrif og síðan hafa þjónustustörf við blinda verið áberandi í öllu starfi Lionshreyfingarinnar. Georg A Bonham fann upp hvíta stafinn sem er einkenni blinds fólks. Hann var formaður í Lionsklúbbi í Peoria í Illinois 1930. Þegar hann sá blindan einstakling vera að reyna að fara yfir götu kviknaði hugmyndin hjá honum.

Hann nefndi þetta við klúbbfélaga sína og þeir tóku sig til og máluðu nokkra stafi hvíta og gáfu þá blindu fólki. Í dag er hvíti stafurinn einkenni blinds fólks um gjörvallan hinn menntaða heim.


Leó

Þann 5. desember 1957 var stofnaður fyrsti LEO klúbburinn. En það er ungliðahreyfinginn Lionshreyfingarnar. Félagar í LEO klúbbum geta verið frá 12 ára til 28 ára. LEO klúbbar eru nær alltaf blandaðir klúbbar. Vegna hins stóra aldursbils er hægt að skipta LEO klúbbum í yngri og eldri deild. Árið 1967 samþykkti Alþjóðastjórn Lionshreyfingarnar að LEO væri skilgreint sem verkefni Lionsklúbba, því má greiða ýmsan kostnað við LEO klúbba úr verkefnasjóðum Lionsklúbba. Hérlendis voru nokkrir Leoklúbbar starfandi á síðasta áratug 20.aldar en þeir hafa allir hætt störfum.

Skipulag íslensku Lionshreyfingarnar

Grunneiningin eru Lionsklúbbarnir. Þeim er skipað í umdæmi eftir fjölda klúbba og fjölda Lionsfélaga (a.m.k. 1250 Lionsfélagar í umdæmi) og landfræðilegri skiptingu. Á alþjóðavísu eru um 760 Lionsumdæmi. Hverju umdæmi er stýrt af umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar eru tengiliðir alþjóðaforseta við einstaka klúbba. Ef búið er að mynda fleiri en eitt umdæmi innan ákveðins lands (eða hóp lands) þá er myndað fjölumdæmi. Fjölumdæmi er stýrt af fjölumdæmisstjóra.

Skipurit Lionshreyfingarnar



Árlega er haldið alþjóðþing Lionshreyfingarnar. Þar hittast um 20.000 Lionsmenn í eina viku. Alþjóðþingið er æðsta stofnun Lionshreyfingarnar. Á alþjóðþinginu er kosin stjórn til að fara með vald alþjóðþingsins milli þinga. Alþjóðastjórn Lionshreyfingarnar skipa 36 menn. Alþjóðaforseti, fyrsti, annar og þriðji varaforseti og 32 alþjóðastjórnarmenn svo og fráfaramandi alþjóðaforseti. Alþjóðastjórnarmenn eru frá ákveðnum svæðum. Á þennan hátt er tryggt að hver einasti klúbbfélagi getur látið rödd sína heyrast með því að hafa samband við sinn umdæmisstjóra. Umdæmisstjórinn getur síðan auðveldlega haft samband við viðkomandi alþjóðastjórnarmann.

Almenna reglan um setu í störfum á vegum Lionshreyfingarnar er að menn sitja eitt ár í starfi. Undanteking eru ákveðnir embættismenn í umdæmum sem sinna sérstökum verkefnum t.d. unglingsaskiptum og alþjóðasamskiptum.

Sá merki atburður gerðist svo að íslensk kona var kosin alþjóðaforseti 2018 – 2019 Guðrún Ingvadóttir og varð þar með fyrst kvenna og náði miklum meðbyr með hreyfingunni

Alþjóðastjórnarmenn eru annars kjörnir til 2ja ára. Sá sem kosinn er annar varaforseti færast upp í fyrsta varaforseta og loks í alþjóðaforseta. Fimm Íslendingar hafa gegnt stöðu alþjóðastjórnarmanns en þeir eru Þorvaldur Þorsteinsson, Björn Guðmundsson, Svavar Gests (Svavar Lárus Gestsson), Jón Bjarni Þorsteinsson og Guðrún Ingvadóttir

Alþjóðastjórnin heldur 4 fundi árlega. Fulltrúar í alþjóðastjórnina koma frá hinum átta skipulagssvæðum Lionshreyfingarinnar. Hér er listi yfir skiptingu alþjóðastjórnarmanna sem eru 34.

Svæði 1 Bandaríkin Bermuda & Bahamas = 11

Svæði 2 Canada = 1

Svæði 3 Suður Ameríka, Mið Ameríka, Mexico & Karabísku eyjarnar = 2

Svæði 4 Evrópa = 6

Svæði 5 Austurlönd and Suðaustur Asía = 7

Svæði 6 Indland, Suður Asia & Mið Austurlönd = 6

Svæði 7 Ástralía, Nýja Sjáland, Papua Nýju Guineu, Indonesíu & Eyjarnar í Suðurkyrrahafi = 7

Svæði 8 Afríka frá 2019. Munu væntanlega fá fulltrúa öðru hvoru og líklega frá svæði 7 (nýtt)

Á næstu árum mun fulltrúum Bandaríkjana fækka en fulltrúum Evrópu fjölga í 5 og einnig verður fjölgun fulltrúa frá Afríku og Suðvestur-Asíu.

Innan Lionshreyfingarinnar starfa jafnt konur sem karlar. Í upphafi voru allir klúbbar karlklúbbar en nú eru einnig klúbbar skipaðir konum og blandaðir klúbbar. T.d. eru nær allir nýjir klúbbar í Bretlandi blandaðir klúbbar.

Alþjóðahjálparsjóðurinn, LCIF.

LCIF Lions Club International Foundation (Alþjóðahjálparsjóður Lions) var stofnaður 13. júní 1968. LCIF er hinn opinberi Hjálparsjóður Lions. Okkar stóri hjálparsjóður. Sjóðurinn sem gerir okkur kleift að sinna stórum verkefnum um allan heim. Sjóðurinn sem getur að, uppfylltum ákveðnum skilyrðum, hjálpað klúbbum okkar að stækka verkefni okkar ef á þarf að halda.

Framlög úr LCIF renna fyrst og fremst til átta höfuðflokka

- Baráttu gegn sykursýki
- umhverfisvernd
- baráttu gegn hungri
- baráttu gegn blindu
- baráttu gegn krabbameini barna
- ungmennamálefni

- aðstoð vegna náttúruhamfara
- ýmis óflokkuð mannúðarverkefni

Eitt af fyrstu framlögum úr sjóðnum var vegna eldgosins í Vestmannaeyjum 1973. Sjóðurinn hefur styrkt vegna fleiri náttúruhamfara á Íslandi og einnig hafa komið stórir styrkir til Íslands vegna heilbrigðismálefna og Lions Quest til Íslands. Markmið (Mission) LCIF er Að styðja Lionsklúbba um allan heim við að leggja lið í sínu samfélagi og um heim allan, með því að sinna mannúðarverkefnum. LCIF þykir um margt merkilegur á heimsvísu og hefur fengið fjölmargar viðurkenningar og má þar til dæmis nefna:

- þrisvar sinnum tilnefndur til Friðarverðlauna Nóbels
- þrisvar sinnum valinn af Fianacial Times sem besti alþjóðlegi óháði hjálparsjóður heims.
- starfsárin 2011 – 2019 fékk LCIF hæstu mögulegu einkunn „Charity Navigator“ fyrir stjórnun, áreiðanleika og gegnsæi.

LCIF á gott samstarf við nokkra af stærstu hjálparsjóðum heimsins eins og Bill and Melinda Gates Foundation, Johnson & Johnson Foundation, Jimmy Carter Center og fjölmarga aðra. Það samstarf hefur oft gefið af sér tvöfalt stærri verkefni en lagt var upp með.

Íslenska Lionshreyfingin

Fyrsti Lionsklúbburinn í Evrópu var stofnaður í Svíþjóð árið 1948. Fyrsti klúbburinn á Íslandi var stofnaður árið 1951. Magnús Kjarran var sænskur konsúll og þekktur kaupsýslumaður í Reykjavík. Í hófi hjá sænska sendiherranum hitti hann Hadar Wahrenby, sem var útbreiðslustjóri Lionshreyfingarinnar í Svíþjóð. Magnús og Hadar ákváðu að vinna að stofnun Lionsklúbba á Íslandi. Þann 10. ágúst 1951 boðaði Magnús þá Guðbrand Magnússon og Herstein Pálsson á fund með sér á Hótel Borg. Tilefnið var að stofna Lionsklúbb. Þar bundust þeir fastmælum um að stofna klúbb og ákváðu að boða til stofnfundar 14. ágúst 1951. Á þann fund komi hver þeirra með þrjú menn með sér sem þeir hafi boðið að gerast stofnfélagar. Á þessum fundi mælti Magnús Kjarran eftirfarandi orð, sem síðan hefur oft verið vitnað til.

Hvað sem þessi félagsskapur er með öðrum þjóðum, hjá okkur verður hann það sem við gerum úr honum sjálfir“

Lionshreyfingin á Íslandi myndaði umdæmi númer 109 innan Alþjóðasambands Lions. Árið 1972 var samþykkt tillaga um skiptingu umdæmis 109 í tvö umdæmi og mynda fjölumdæmi 109. Þá voru klúbbarnir 54 og félagar um 1800. Á umdæmisþingi 1973 voru klúbbarnir orðnir 62 og félagar 2142. (Á þessum tíma þurfti 30 klúbba og 1000 félaga til að mynda umdæmi).

Fyrsti Lionessu klúbburinn var stofnaður á Siglufirði 1. nóvember 1979 og fyrsti Leo klúbburinn í Garði 23. október 1988. Á Íslandi eru í dag (þegar þetta er ritað) 2101 félagi í Lionshreyfingunni. Þeir starfa í 84 Lionsklúbbum og tveimur klúbbadeildum og verða 85 nú þegar síðasti Lionessuklúbburinn hefur samþykkt að gerast Lionsklúbbur. Landinu er skipt í tvö umdæmi, er ná annars vegar frá Reykjavík vestur og norður um land (109 B) og hins vegar frá Reykjavík suður og austur um land (109 A). Íslenska Lionshreyfingin hefur mikið samstarf við norrænu Lionsumdæmin undir merkjum NSR (Nordisk Samarbets Rad) T.d. hafa norrænu Lionsumdæmin staðið að ýmsum hjálparverkefnum í Póllandi, Rúmeníu, Rússlandi og Eystrasaltslöndunum.

Sameiginleg verkefni Lionshreyfingarinnar

Eins og áður hefur komið fram er Lionshreyfingin alþjóðleg. Því er hægt að fjalla um verkefni sem eru sameiginleg fyrir Lionsfólk í öllum löndum og Alþjóðastjórn beitir sér fyrir. Hér verða rakin ýmis málefni sem Lionshreyfingin beitir sér fyrir. Ekki er reynt að flokka verkefni eftir því hvort hér sé um að ræða séríslensk verkefni eða alþjóðleg.

Sjónvernd

Eitt aðalverkefni Lionshreyfingarinnar hefur frá stofnun verið baráttan gegn blindu vegna sjúkdóma. Hreyfingin rekur færanlegar augnskurðstofur aðallega í þriðja heiminum. Þar eru árlega gerðar tugþúsunda glákuaðgerða. Einnig eru gefin A, og D- vítamín t.d. lýsispillur. Á árunum 1991 - 1994 safnaði Lionshreyfingin undir kjörorðinu „Sight First“ um 150 milljónum dollara í LCIF sjóðinn til að styrkja enn frekar þetta starf. Árið 2006 hófst nýtt söfnunaráttak „Sight First II“ þar sem markmiðið er að safna 200 milljónum dollara. Á Íslandi söfnuðust um 500 þúsund USD sem er langt fyrir ofan það mark sem sett var með um 300 þúsund USD

Sykursýki

Víða um heim tekur Lionshreyfingin þátt í verkefnum er snúa að sykursýki. Hér hefur fyrst og fremst verið um að ræða fjárveitingar til rannsókna, forvarnarstarfa og kaupa á lækningatækjum. Víða erlendis mæla Lionsfélagar blóðsykur hjá einstaklingum sem hluti af forvörnum. Slíkar mælingar hafa færst mjög í vöxt hjá íslenskum Lionsfélögum.

Heilbrigðisþjónusta

Lionsklúbbar hafa gefið fé til heilbrigðisþjónustu t.d. til rannsókna- og forvarnarstarfa. Klúbbar styrkja gjarnan slík verkefni á svæðum eða í löndum sem eru fátækari eða vanþróaðri en heimabyggðin. Einnig styrkja klúbbar mörg verkefni í heimabyggð. Í flestum sjúkradeildum og heilsugæslum má sjá tæki gefin af Lions.

Félagsleg þjónusta

Lionshreyfingin leggur þeim lið sem eru bágstaddir og minna mega sín, t.d. öldruðu fólki, munaðarlausum börnum, andlega og líkamlega fötluðu fólki. Lionsmenn gefa þeim tíma sinn, áhuga og umhyggju auk þess að styrkja fjárhagslega.

Unglingaskipti

Á vegum Lionshreyfingarinnar fara árlega um 5000 ungmenni til skammtíma dvalar í öðrum löndum (3-6 vikur). Hin einstöku umdæmi hreyfingarinnar standa fyrir búðum þar sem ungmenni frá mörgum löndum hittast í leik og fræðslu. Til Íslands koma árlega 15-20 ungmenni aðallega frá Evrópu og álfka hópur fer erlendis. Ísland hefur tekið þátt í þessu starfi frá um 1970. Unglingaskiptin eru skipulögð af fjöllumdæminu. Algengast er að klúbbar innan svæðis standi sameiginlega að því að kosta ungling til utan farar. Sum svæði láta stafrófsröð ráða hvaða klúbbar sendir ungling utan, önnur svæði láta klúbb svæðisstjóra um unglingaskiptin. Fyrirkomulag unglingabúða hérlendis er að umdæmin skiptast á um að halda unglingabúðir (um 2 vikur) og annast heimilisgistingu á undan og eftir unglingabúðunum (um 1 vika).

Lions-Quest. Að ná tökum á tilverunni.

Á alþjóðþingi 1984 voru vímuvarnir settar efst á blað þeirra verkefna, sem alþjóðastjórn beitir sér fyrir og samþykkt að gera það að langtímaverkefni hreyfingarinnar. Jafnframt var þess óskað að einstök umdæmi gerðu slíkt hið sama. Við þessu var orðið hérlendis með skipun vímuvarnarstjóra og framtíðarstefnan mörkuð á Lionsþingi á Egilstöðum 1. júní 1985. Jafnframt var gengið frá stofnun Vímuvarnarsjóðs sem nú er hluti af Verkefnasjóði Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Lionshreyfingin er í dag eigandi að Lions-Quest stofnuninni sem annast þróun og útgáfu á námsefni er hefur að markmiði að efla félagslegan þroska hjá börnum og unglingum og koma þannig í veg fyrir að þau ánetjist vímuefnum. Tekjur Vímuvarnarsjóðs renna til að styrkja kennara á námskeið í kennslu þessa námsefnis. Það er markmið Lionsmanna um land allt að tryggja að námsefnið sé kennt í sem flestum grunnskólum landsins.

Málefni aldraðra

Þessi málaflokkur er í sjálfu sér ekki sameiginlegur en er tekinn hér með vegna þess mikla fjölda klúbba sem sinnir honum á einn eða annan hátt. Allnokkur dæmi eru um að klúbbar vinni saman að verkefnum er tengjast öldruðum. Verkefnaval er svo fjölbreytt að ekki er vegur að gera grein fyrir því hér. Aukin áhersla á málefni aldraðra í verkefnum klúbbanna er hins vegar mikið ánægjuefni. Þörfin verður brýnni með hverju ári vegna þess að aldursskipting íslensku þjóðarinnar breytist. Aldraðir verða með hverju árinu stærri hluti þjóðarinnar og mun svo halda áfram um allmörg ár, vegna aldursdreifingar þjóðarinnar. Árin 1999 - 2000 söfnuðu Norrænir Lionsfélagar undir merkjum Rauðrar fjaðrar yfir 100 milljón króna til að styðja við mörg málefni er tengjast öldruðum. (Sjá Rauð fjaður).

Lions með ungu fólki.

Árið 1993 ákvað Lionshreyfingin að endurskipuleggja hluta af því starfi er sneri að vímuvörnum. Í því sambandi var ákveðið að gefa starfinu nýja umgjörð. Ætlunin er að allt starf er snýr að ungu fólki verði kynnt undir einum hatti. Þetta verkefni er hérlendis kynnt undir heitinu „Lions með ungu fólki“. Fram að þeim tíma hafði Lionshreyfingin hérlendis þegar unnið mikið starf á þessu sviði.

Meðal verkefna má nefna:

- Stuðningur við Orkester Norden
- Unglingaskipti Lionshreyfingarinnar jafn innanlands sem utan.
- Styrkveitingar til Lions Quest verkefnisins.
- Börnum í grunnskólum gefnar litabækur um brunavarnir
- Íþróttadeildir Ungmennafélaga veittur fjárstuðningur,
- Húsgögn gefin í félagsaðstöðu þeirra
- Tæki gefin á Barnaspítala Hringsins.
- Íþróttafélögum gefin íþróttáhöld, öryggishjalma fyrir skíðafólk.
- Íþróttafélögum gefnir farandbikarar til að verðlauna góða frammistöðu
- Skipulagning íþróttamóta, t.d. sundmót, bocciakeppni, víðavangshlaup

- Jólatrésskemmtanir fyrir unglunga og yngri börn
- Vinnuferð að barnaheimilinu Ástjörn.
- Grunnskólum færðar bókaþjálfir, uppstoppuð dýr og fé til tölvukaupa.
- Grunnskólanemum gefin verðlaun vegna góðs námsárangurs.
- Foreldrafélög barnaheimila styrkt til námskeiðshalds.
- Hjálparsvéit skáta styrkt.
- Skátahreyfingin styrkt með aðstoð við byggingu skátaheimilis.
- Endurskinsmerki gefin börnum í leikskólum og barnaskólum
- Aðstandendum sjúkra barna veitt aðstoð til að leita læknishjálpar.
- Unglingadeildir björgunarsveita styrktar með fjárframlagi.

Rauð Fjöður.

Án efa er eitt stærsta sameiginlega verkefni Lionshreyfingarinnar á Íslandi sala Rauðrar fjaðrar. Stefnt er að því að þetta verkefni fari fram fjórða hvert ár. Hugmyndin að sölu Rauðrar fjaðrar til sameiginlegrar fjáröflunar fengum við frá Svíum, en þeir höfðu fengið hana frá Japan.

Íslandsdeild Medic Alert var stofnuð 30. janúar 1985 og er rekin á ábyrgð Lionshreyfingarinnar hér á landi. Ýmis félög sjúklinga gerðust stofnaðilar. Þeir sem gerast Medic Alert félagar fá plastkort í „kreditkortastærð“ og merki í hálsfesti eða á armband, sem ætlað er að tryggja að þeir fái rétta umönnun ef þeir veikjast skyndilega, lenda í slysi eða verða ófærir um að gera grein fyrir sér af einhverjum sökum. Á merkinu og kortinu er gjaldfrjálst símanúmer á Bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúsi þar er svarað allan sólarhringinn hvaðan sem er hringt er úr heiminum. Þar fást upplýsingar um viðkomandi, sem skráðar eru þegar hann gerist félagi. Merkið er góð trygging jafnvel fullfrísku fólki t.d. ef upplýsingar vantar um blóðflokk viðkomandi eftir slys hvort sem er hérlendis eða erlendis. Fram að 2007 greiddu Medic Alert félagar eingreiðslu fyrir þjónustuna en frá 2007 greiða nýjir félagar árgjald.

Umhverfismál.

Hér verður getið nokkurra mála, sem eru sameiginleg í þeim skilningi að annað hvort hafa margir klúbbar eða félagar tekið þátt í þeim eða um er að ræða sameiginleg verkefni með frændum vorum á Norðurlöndunum, enda þótt fjöldi íslenskra þátttökuklúbba sé ekki mjög mikill. Norrænt birki. Söfnun á birkifræi/endurheimt birkiskóga. Landgræðsla ríkisins hefur þróað ýmsar aðferðir til uppgræðslu. M.a. áburðar húðun á fræi og dreifing úr flugvélum. Þessar aðferðir hafa leitt til aukins áhuga á að nota birki til uppgræðslu. Birki er harðger planta og víða hentug til uppgræðslu, en útplöntun með venjulegum aðferðum er tímafrek. Þegar verkefnið um endurheimt birkiskóga fór af stað var óskað eftir sjálfboðaliðum til fræsöfnunar. Verkefnið er heppilegt til að virkja fjölskylduna í sameiginlegu starfi. Vitað er að hér á landi óx á öldum áður beinvaxið, ljóst birki. Tilraunir eru í gangi hérlendis að kynbæta birkitré með því að velja „til undaneldis“ einstaklinga, sem bera viss einkenni er minna á þessar fornu bjarkir. Norrænir Lionsmenn söfnuðu birkifræi á beltum gegnum Noreg, Svíþjóð og Finnland, sem afmarkast af breiddargráðu Íslands. Plöntur, ræktaðar af þessu fræjum voru gróðursettar víða um land.

Átak í landgræðslu / Á grænni grein

Árið 1990 gengust Landgræðsla ríkisins, Skógræktarfélag Íslands og landbúnaðarráðuneytið fyrir landsöfnun með sölu Grænna greina. Afrakstrinum var varið til að standa straum af ræktun 1,2 milljóna plantna, sem voru gróðursett af sjálfboðaliðum í tæplega 80 valda reiti um land allt. Lionshreyfingin hvatti féлага sína til þátttöku í þessari söfnun. Í framhaldi af þessu hafa margir klúbbar gróðursett árlega í landgræðslureitina.

Verkefnasjóður og hjálpar sjóður

Á Fjöllumdæmisþingi 2006 var komið á nýskipan sjóða fyrir verkefna- og hjálparstarf. Annarsvegar var stofnaður Verkefnasjóður Lionsfjöllumdæmis 109. Markmið verkefnasjóðs er að styrkja innlend og erlend verkefni Lionshreyfingarinnar. Hins vegar var stofnaður Hjálpar sjóður Lionsfjöllumdæmis 109 sem nú heitir Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar. Markmið hjálpar sjóðsins er að veita neyðaraðstoð.

Í verkefnasjóð renna sér merkt framlög vegna uppeldis- og forvarnastarfs Lionshreyfingarinnar á Íslandi m.a. LionsQuest, unglingskipta, alþjóðasamskipta og menningarmála.

Lionsskrifstofan / Tímaritið Lion / **Saga Lions**

Lionshreyfingin rekur skrifstofu að Hlíðarsmára. 14 Kópavogi Til hennar geta allir félagar og stjórnir klúbba leitað. Skrifstofunni er ætlað að miðla upplýsingum af ýmsu tagi, bæði til klubbanna og einnig frá þeim og yfirstjórn hreyfingarinnar til Alþjóðastjórnar. Á skrifstofunni er seldur margvíslegur varningur fyrir félagsstarfið.

Samkvæmt leyfi Alþjóðastjórnar er gefin út íslensk útgáfa af tímaritinu Lion. Útgáfan er styrkt af Alþjóðastjórn og fáum við þannig til baka hluta af þeim alþjóðagjöldum sem við greiðum. Áskilið er að blaðið komi út a.m.k sex sinnum á ári og flytji allnokkuð alþjóðlegt efni. Blaðið er á hverjum tíma boðberi upplýsinga og fræðslu um málefni hreyfingarinnar og um leið vettvangur skoðanaskipta Lionsfélaga ásamt því að flytja áhugaverðar fréttir af starfinu í klúbbunum. Blaðið hefur notið starfskrafta góðra ritstjóra og að flestra mati hefur vel tekist til um útgáfuna. Núverandi ritstjóri blaðsins er Þorkell Cýrusson Lkl. Búðardals.

Alþjóðasamskipti

Alþjóðasamskipti eru stór og fjölbreyttur málaflokkur. Hér verður getið um nokkur atriði er tengjast honum. Kröftum okkar á Íslandi hefur undanfarin ár aðallega verið varið í samstarf með Norðurlöndunum (NSR) við verkefni í Eystrasaltlöndum, Rússlandi og Afríku og að safna saman margvíslegum notuðum/nýjum búnaði sem til fellur í íslenska heilbrigðiskerfinu og senda það til Póllands og Baltnesku landanna. Til að nefna helstu verkefnin má telja: Heimsóknir í erlenda klúbba, Dagur Sameinuðu þjóðanna 24. Október, Lionsskilti á hótelum. Það er starfandi alþjóðlegur frímerkjaklúbbur á vegum Lions

Lionsmerkin okkar

Gleymum ekki að bera merkin okkar. Lionsmerkið gefur oft tækifæri til að ræða við Lionsfélaga sem við mætum á förnum vegi.

Lions og Internetið.

Hægt er að komast í samband við ýmsa Lionsklúbba um allan heim í gegnum heimasíður á Internetinu. Íslenska Lionshreyfingin hefur heimasíðu á slóðinni www.lions.is. Þar er að finna tengsl við heimasíður ýmissa íslenskra Lionsklúbba. Á heimasíðu íslensku Lionshreyfingarinnar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar um starfsemi Lions á Íslandi. M.a. um verkefni okkar og ýmsa málaflokka. Þar eru nöfn allra embættismanna í umdæmisstjórnnum og fjölumdæmisráði. Ýmsir fróðleiksmolar og námsefni fyrir Lionsfélaga. Upplýsingar um það sem er á döfnni o.fl.

Af alþjóðlegum vefsíðum má nefna www.lionsclubs.org sem er slóðin að heimasíðu skrifstofu Alþjóðasambands Lions klúbba. Á þeirri síðu eru upplýsingar um alþjóðahreyfinguna.

Starfið í Lionsklúbbunum

Hér á undan hefur verið gerð grein fyrir skipulagi Lionshreyfingarinnar. Fyrir flesta Lionsfélaga er starfið í einstökum klúbbum það umhverfi sem þeir kannast best við. Hvernig félögum líkar starfið í hreyfingunni er háð því hvernig innra starfið í klúbbunum er. Af hendi yfirstjórnar Lionshreyfingarinnar er lögð mikil áhersla á að klúbbarnir efli innra starfið og efli þannig Lionshreyfinguna í heild. Hér gildir máltækið að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn.

Klúbbstarf

Starfsemin í klúbbunum er jafnfjölbreytileg og klúbbarnir eru margir, því er ekki hér hægt að segja frá innra starfinu sem slíku í stað þess verður minnst á ýmis atriði sem lögð er áhersla á í formannaskóla fyrir verðandi formenn Lionsklúbba. Þessi skóli er haldinn árlega (í apríl/maí) í tengslum við umdæmis- og fjölumdæmisþing.

Lögð er áhersla á innri kynningu á starfi klúbba. Þá er átt við að klúbbfélagar og fjölskyldur þeirra séu meðvituð um störf klúbbsins.

Góð leið til að tryggja innri kynningu er útgáfa á fréttabréfi þar sem fram komi helstu atriði sem fjallað er um á stjórnar- og klúbbfundum.

Einnig er æskilegt að senda boðsbref til fjölskyldunnar þegar fram undan eru fundir með mökum og/eða börnum.

Formaður er „aðalframkvæmdastjóri“ klúbbsins, og leiðir starf hans m.a. með því að velja með sér formenn nefnda. Með því að vera í góðu sambandi við nefndarformenn tryggir hann að verkefni klúbbsins gangi eðlilega fyrir sig og um leið að klúbbfélagar finni tilganginn í því að vera meðlimir í Lionsklúbbi.

Vel skipulögð starfsemi klúbbsins eykur traust klúbbfélaga og áhuga þeirra á starfinu.

Stuðla ber að heimsóknnum í aðra klúbba og í fyrirtæki til að auka þekkingu klúbbfélaga á Lionshreyfingunni og þjóðfélaginu.

Æskilegt er að halda uppi skipulagðri kynningu á ýmsum þjóðfélagsmálum með því að fá aðila úr þjóðlífinu til að halda erindi um ýmis málefni.

Fjármál.

Öll félagsstarfsemi krefst fjármagns til starfsemi sinnar, leigja þarf fundaraðstöðu, senda út bréf, greiða fyrir ræðumenn á fundum, kaupa smágjafir o.fl. o.fl. Lionshreyfingin er engin undantekning í þessum efnum.

Í skipulagi Lionshreyfingarinnar er ákveðin þrískipting þ.e. klúbburinn, umdæmið og alþjóðahreyfingin.

Til þess að annast rekstur þessara eininga eru greidd:

- a) gjöld til alþjóðahreyfingarinnar (43 \$ árið 2019-2020)
- b) gjöld til umdæmisins (14.949 kr.fyrir 2019-2020, þar af 1.219 kr í verkefnasjóð)
- c) félagsgjöld í klúbbunum sem eru mismunandi eftir því hvað í þeim felst.
Oft bætist við matar eða kaffi gjald.

Fræðsla

Lionshreyfingin hefur undanfarin ár lagt æ meiri áherslu á að fræða sína féлага bæði um starf hreyfingarinnar sem slíkrar en einnig til að veita þeim tækifæri á að auka hæfni sína í mannlegum samskiptum. Þess vegna hafa frá árinu 2000 verið haldin námskeið undir heitinu Lionsskólinn. Lionsskólinn tekur þrjá daga og kenna þar reyndir kennarar. M.a. er fjallað um stjórnunarstíla, mannleg samskipti, verkefnastjórnun, ræðumennsku.

Einnig eru í tengslum við þing hreyfingarinnar haldnir skólar fyrir verðandi formenn, ritara, gjaldkera og svæðisstjóra.

Klúbbar geta fengið margvísleg námskeið í tengslum við klúbbfundi og svæðisfundi. Fræðslufulltrúar umdæmanna og fræðslustjóri fjöllumdæmisins leitast við að verða við sem flestum beiðnum klúbba um námskeið.

Hvað tákna litirnir í merkinu?

Litirnir í merkinu hafa ákveðna merkingu. Þegar hreyfingin var stofnuð árið 1917 var ákveðið að opinberir litir hreyfingarinnar skyldu vera hinir konunglegu litir blár og gylltur.

Blár táknar hollustu og heiðarleika. Gylltur táknar einlægni, heilbrigði, umburðarlyndi og örlæti.

Litirnir minna Lions féлага á þessa eiginleika: Tryggð, hollustu, heiðarleika, einlægni, heilbrigði, umburðarlyndi og örlæti.

Hvað tákna stafirnir í merkinu okkar?

Ekki bara konung dýranna. Orðið Lions er skammstöfun á enskum orðum sem túlka miklvæga þætti í félagsskap okkar Lionshreyfingunni.

L er fyrir liberty (frelsi)

I er fyrir intelligence eða skilningur

O er fyrir our okkar

N nations þjóðar

S safety öryggi (ONS our nations safety) Öryggi þjóðar okkar

Slagorð hreyfingarinnar eru Frelsi – skilningur – öryggi þjóðarinnar

Vangamyndirnar á merkinu Ljónin sem horfa bæði aftur og fram tákna það að horfa til framtíðar og til fortíðar. Við horfum stolt til fortíðar og reynslunnar sem við höfum öðlast og lítum björtum augum til framtíðar og tækifæranna sem bíða okkar.